

1994 nr. 117 16. september**Lög um skipulag ferðamála**

Upphaflega l. 79/1985. Tóku gildi 1. október 1985. Endurútfegin, sbr. ákvæði til bráðabirgða III í l. 81/1994, sem l. 117/1994. Breytt með l. 156/1994 (tóku gildi 10. jan. 1995), l. 91/1995 (tóku gildi 30. júní 1995), l. 144/1995 (tóku gildi 1. jan. 1996; komu til framkvæmda skv. fyrirætlum í 59. gr.), l. 93/1996 (tóku gildi 1. jan. 1997), l. 83/1997 (tóku gildi 6. júní 1997), l. 73/1998 (tóku gildi 24. júní 1998; *EES-samningurinn*: XIX. viðauki tilskipun 90/314/EEB), l. 14/1999 (tóku gildi 24. mars 1999), l. 44/1999 (tóku gildi 1. júlí 1999), l. 20/2000 (tóku gildi 28. apríl 2000), l. 156/2002 (tóku gildi 1. jan. 2003) og l. 164/2002 (tóku gildi 1. jan. 2003). **Falla úr gildi 1. janúar 2006 skv. l. 73/2005, 29. gr.**

I. kafli. Tilgangur og yfirstjórn.

■ **1. gr.** Tilgangur laga þessara er að stuðla að þróun ferðamála sem atvinnugreinar og skipulagningu ferðaþjónustu fyrir íslenskt og erlent ferðafólk sem mikilvægs þáttar í íslensku atvinnu- og félagslífi, bæði með hliðsjón af þjóðhagslegri hagkvæmni og umhverfisvernd.

■ **2. gr.** Samgönguráðuneytið fer með yfirstjórn mála þeirra sem lög þessi taka til.

□ Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir¹⁾ um skipulag ferðamála að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiðir af samningi um Evrópskt efnahagssvæði milli Efnahagsbandalags Evrópu, Kola- og stálbandalags Evrópu og aðildarríkja þess annars vegar og aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu hins vegar, sbr. lög um Evrópska efnahagsvæðið.

¹⁾ Augl. 571/1993.

II. kafli. Ferðamálaráð Íslands.

■ **3. gr.** Ferðamálaráð Íslands fer með stjórn ferðamála undir yfirstjórn samgönguráðuneytisins.

□ Halda skal fund í ráðinu í janúarmánuði og afgreiða á þeim fundi fjárhagsáætlun ráðsins fyrir það ár, sbr. 8. gr. [Aðrir fundir skulu haldnir samkvæmt ákvörðun ráðsins.]¹⁾

¹⁾ L. 14/1999, 1. gr.

■ **4. gr.** [Samgönguráðherra skipar sjö menn í Ferðamálaráð og jafnmarga til vara. Skipunartími Ferðamálaráðs skal vera fjögur ár, en skipunartími ráðherraskipaðra fulltrúa skal þó takmarkaður við embættistíma þess ráðherra sem skipar þá. Skulu tveir skipaðir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður ráðsins og hinn varaformaður. Aðra fulltrúa í Ferðamálaráð skipar ráðherra eftir tilnefningu eftirtalinna: Samtaka ferðaþjónustunnar, sem tilnefna tvo menn, Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem tilnefnir tvo, og Ferðamálasamtaka Íslands, sem tilnefna einn.]¹⁾

¹⁾ L. 14/1999, 2. gr.

■ **5. gr.** [Ferðamálaráði er heimilt að skipa undirnefndir til þess að vinna að einstökum málaflökkum. Í undirnefndir er heimilt að skipa menn sem ekki eiga sæti í Ferðamálaráði.]¹⁾

¹⁾ L. 14/1999, 3. gr.

■ **6. gr.** [Að fenginni umsögn Ferðamálaráðs skipar ráðherra ferðamálastjóra til fimm ára í senn. Ferðamálastjóri annast daglega stjórn Ferðamálaráðs samkvæmt því sem ráðið ákveður.]¹⁾

□ Ferðamálastjóri situr fundi Ferðamálaráðs og framkvæmdastjórnar með málfrelsi og tillögurétti.

¹⁾ L. 83/1997, 141. gr.

■ **7. gr.** Verkefni Ferðamálaráðs eru þessi:

1. Skipulagning og áætlanagerð um íslensk ferðamál.

[2. Rannsóknir og kannanir á sviði ferðamála.]¹⁾

[3.]¹⁾ Landkyrning og markaðsmál.

[4.]¹⁾ Þátttaka í fjölþjóðlegu samstarfi um ferðamál.

[5.]¹⁾ Ráðgjöf og aðstoð við aðila ferðaþjónustunnar og samræming á starfsemi þeirra.

[6.]¹⁾ . . . ²⁾

[7.]¹⁾ Skipulagning námskeiða fyrir aðila ferðaþjónustunnar um samskipti og þjónustu við ferðamenn.

[8.]¹⁾ Forganga um hvers konar þjónustu- og upplýsingastarfsemi fyrir ferðamenn.

[9.]¹⁾ Starfræksla sameiginlegrar bókunarmiðstöðvar í samvinnu við aðila ferðaþjónustunnar.

[10.]¹⁾ Samstarf við [Umhverfisstofnun]³⁾ og aðra hlutaðeigandi aðila um að umhverfi, náttúru- og menningarverðmæti spillist ekki af starfsemi þeirri sem lög þessi taka til.

[11.]¹⁾ Frumkvæði að fegrun umhverfis og góðri umgengni á viðkomu- og dvalarstöðum ferðafólks. Samstarf við einkaaðila og opinbera aðila um snyrtilega umgengni lands í byggðum sem óbyggðum.

[12.]¹⁾ Könnun á réttmæti kvartana um misbrestir á þjónustu við ferðamenn.

[13.]¹⁾ Undirbúningur og stjórn almennra ráðstefna um ferðamál.

[14.]¹⁾ Önnur þau verkefni sem Ferðamálaráð ákveður eða því eru falin með lögum þessum eða á annan hátt.

¹⁾ L. 14/1999, 4. gr. ²⁾ L. 20/2000, 1. gr. ³⁾ L. 164/2002, 25. gr.

■ **8. gr.** [Fjármagni því sem Ferðamálaráð hefur yfir að ráða skal varið á eftirfarandi hátt:]¹⁾

a. Til að veita einkaaðilum og opinberum aðilum styrki til að koma upp eða endurbæta aðstöðu fyrir ferðamenn.

b. Til landkyrningarkerfna á vegum Ferðamálaráðs.

c. . . . ²⁾

□ Ferðamálaráð gerir fjárhagsáætlun fyrir eitt ár í senn sem skal lögð fyrir samgönguráðherra en hann tekur endanlega ákvörðun.

□ Kostnaður af starfsemi Ferðamálaráðs skal að öðru leyti greiddur úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum fjárlaga.

¹⁾ L. 144/1995, 49. gr. ²⁾ L. 156/2002, 1. gr.

III. kafli. Almennar ferðaskrifstofur.

■ **9. gr.** [Ferðaskrifstofa merkir í lögum þessum fyrirtæki sem tekur að sér að veita í atvinnuskyni, að einhverju eða öllu leyti, eftirgreinda þjónustu fyrir almenning:

a. Hvers konar umboðssölu farmiða með skipum, bifreiðum, flugvéllum eða járnbrautum og upplýsingar um slíkar ferðir.

b. Útvegum gistihúsnæðis.

c. Skipulagningu og sölu hópferða, innan lands eða erlendis, starfrækslu sætaferða og móttöku erlendra ferðamanna.

d. Starfrækslu bókunarþjónustu fyrir ferðir og gistingu, sbr. a-, b- og c-liði, og afþreyingu, þar með talinnar tölvubókunarþjónustu.

□ Í reglugerð skulu sett nánari ákvæði um með hvaða hætti skuli hafa eftirlit með þjónustu ferðaskrifstofa.

□ Samgönguráðuneytið sker úr ef ágreiningur verður um hvort starfsemi telst falla undir a–c-lið hér að framan, svo og um það hvort um ferðaskrifstofustarfsemi sé að ræða í skilningi laga þessara.]¹⁾

¹⁾ L. 73/1998, 1. gr.

■ **10. gr.** [Hver sá sem vill reka ferðaskrifstofu skal hafa til þess leyfi samgönguráðuneytis. Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu skal veita í fyrsta sinn til tveggja ára en síðan til fimm ára í senn.

□ Erlend ferðaskrifstofa, sem byggst opna starfsstöð á Íslandi, skal sækja um leyfi og leggja fram tryggingu fyrir starfsemi sinni svo sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum.

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu skiptast í tvo flokka eftir umfangi:

1. *Ferðaskrifstofa*: Ferðaskrifstofa merkir í lögum þessum fyrirtæki, félag eða einstakling sem tekur að sér að veita í atvinnuskyni alla almenna þjónustu við ferðamenn, þar með talin skipulagning og miðlun ferða, þar með talin alferð, gisting og frístudaiðja, og selur almenna farseðla.

2. *Ferðaskipuleggjandi*: Ferðaskipuleggjandi merkir í lögum þessum fyrirtæki, félag eða einstakling sem skipuleggur ferðir hópa eða einstaklinga innan lands, einnig fyrirtæki sem annast móttöku hópa eða einstaklinga og skipuleggur fyrir þá dvöl og frístudaiðju eða fundi og ráðstefnur og þjónustu tengda þeim innan lands. Ferðaskipuleggjandi annast enga almenna farseðlaútgáfu til útlanda, hvorki með leiguflogi né áætlunarflugi.

Óheimilt er að stunda þau störf sem greind eru í þessum lögum, svo og að nota í nafni eða auglýsingum einstaklinga, félaga eða fyrirtækja orðið ferðaskrifstofa eða ferðaskipuleggjandi eða hliðstæð erlend orð nema hafa til þess leyfi samgönguráðuneytisins.

Ferðaskrifstofa skal hafa leyfi sitt til ferðaskrifstofureksturs sýnilegt á starfsstöð sinni.

Ráðuneytið ákveður einnig hvaða íslensk ferðafélög eru undanþegin ákvæðum laga þessara að því er lýtur að ferðum innan lands.]¹⁾

¹⁾ L. 73/1998, 1. gr.

■ **11. gr.** [Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

1. *Alferð*, sbr. lög um alferðir, nr. 80/1994, er fyrir fram ákveðin samsetning ekki færri en tveggja eftirfarandi atriða, þegar ferð er seld eða boðin til sölu á heildarverði og þegar þjónustan tekur til lengri tíma en 24 klst. eða í henni felst gisting:

- a. flutnings,
- b. gistingar,
- c. annarrar þjónustu við ferðamenn sem tekur til verulegs hluta ferðarinnar.

Það telst alferð þótt reikningar sé gerðir sérstaklega fyrir hvert atriði.

2. *Leiguflog* er annað flug en reglubundið áætlunarflug til flutnings á farþegum með loftförum til og frá Íslandi þegar aðili, þar með talin ferðaskrifstofa, hefur tekið farrými loftfars að hluta eða öllu leyti á leigu hjá flugrekanda.

3. *Tryggingarskyld starfsemi* er sala alferða innan lands og utan og leiguflogs til útlanda.

4. *Viðskiptavinur* er sá sem kaupir alferð eða leiguflog hjá ferðaskrifstofu. Framselji viðskiptavinnur alferð eða leiguflog til þriðja manns fær sá kröfu á ferðaskrifstofu stöðvist rekstur hennar eða verði hún gjaldþrota. Kaup á alferð eða sæti með leiguflogi til endursölu fellur ekki undir þessa skilgreiningu.

Í lögum þessum er orðið ferðaskrifstofa bæði notað um ferðaskipuleggjanda og ferðaskrifstofu nema annað sé tekið fram.]¹⁾

¹⁾ L. 73/1998, 1. gr.

■ **12. gr.** [Sækja skal um leyfi til reksturs ferðaskrifstofu a.m.k. tveimur mánuðum áður en fyrirhuguð starfsemi skal hefjast. Leita skal umsagnar ferðamálastjóra um allar slíkar umsóknir.

Til að öðlast leyfi til reksturs ferðaskrifstofu þarf umsækjandi að uppfylla eftirtalin skilyrði:

a. eiga lögheimili hér á landi samfelt í a.m.k. eitt ár; ríkisborgarar annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins eru

undanskildir skilyrði um ríkisfang samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið,

b. vera fjárráða og hafa forræði á búi sínu.

Enn fremur skal einn eða fleiri af starfsmönnum ferðaskrifstofunnar á hverjum tíma hafa að baki staðgóða reynslu við almenn ferðaskrifstofustörf.

Leyfi má veita félagi eða öðrum lögaðila sem á heimili hér á landi, enda sé forsvarsmáður slíks lögaðila fjárráða og hafi forræði á búi sínu. Sé um erlendan aðila að ræða eða íslenskan lögaðila sem erlendur aðili á hlut í er leyfisveiting þó háð því að fullnægt sé skilyrðum laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Hafi umsækjandi um ferðaskrifstofuleyfi haft leyfi til slíkrar starfsemi á síðustu fimm árum og hafi sú ferðaskrifstofa orðið gjaldþrota eða rekstur hennar stöðvast með þeim afleiðingum að nauðsynlegt hafi verið að grípa til tryggingar skal umsókn um leyfi til ferðaskrifstofureksturs hafnað.]¹⁾

¹⁾ L. 73/1998, 1. gr.

■ **13. gr.** [Áður en leyfi til ferðaskrifstofureksturs er veitt skal ferðaskrifstofa eða samtök slíkra fyrirtækja leggja fram sönnun þess að hún hafi nægilega tryggingu til heimflutnings farþega erlendis frá auk þess sem skylt er að gera farþega kleift að ljúka alferð, hvort sem um er að ræða alferð innan lands eða utan, í samræmi við upphaflega áætlun hennar. Enn fremur skal tryggja endurgreiðslu þess fjár er viðskiptavinur hefur þegar greitt vegna alferðar sem enn er ófarin komi til rekstrarstöðvunar eða gjaldþrots ferðaskrifstofu.]¹⁾

¹⁾ L. 73/1998, 1. gr.

■ **14. gr.** [Þeim viðskiptavininum viðkomandi ferðaskrifstofu sem þegar eru í alferð, hvort sem um er að ræða alferð innan lands eða utan, skal gert kleift að ljúka ferð sinni. Í því felst að allt það sem viðskiptavinur hefur þegar greitt og er í samræmi við fyrir fram ákveðna alferð, hvort sem um flutning, gistingu eða aðra fyrirframgreidda hluta ferðar er að ræða, skal greiða af tryggingarfé svo að honum sé gert kleift að ljúka ferð sinni. Hins vegar er ekki skylt að greiða það sem viðskiptavinur kaupir aukalega, þ.e. hluta ferðar sem ekki teljast til fyrir fram ákveðinnar alferðar.

Hafi viðskiptavinur gengið til sammings við ferðaskrifstofu um að hefja alferð og greitt innborgun inn á ferð í því skyni en endanlegur samningur ekki komist á skal engu að síður greiða það fé sem viðskiptavinurinn hefur þegar reitt af hendi, enda leggi hann til fullnægjandi sönnunargögn þar að lútandi.

Þeir sem hafa greitt alferð að hluta eða öllu leyti en ekki hafið ferð skulu fá endurgreitt það fé sem þeir hafa reitt af hendi.

Hafi verið gripið til tryggingar og viðskiptavini verið gert kleift að ljúka alferð í samræmi við upphaflegan samning eru frekari kröfur ekki teknar til greina.

Þegar um heimflutning farþega er að ræða fyrir milli-göngu ráðuneytis vegna rekstrarstöðvunar ferðaskrifstofu áður en alferð er lokið skal aðeins greiddur sá hluti alferðarinnar er viðskiptavini tókst ekki að ljúka.

Hafi viðskiptavinur aðeins keypt sér far með leiguflogi er heimflutningur hans tryggður af tryggingarfé ferðaskrifstofu.

Einungis beint fjárhagslegt tjón af alferð skal greitt af tryggingarfé ferðaskrifstofa en ekkert tjón sem rekja má til hugsanlegra óþæginda eða miska.]¹⁾

¹⁾ L. 73/1998, 1. gr.

■ **15. gr.** [Ef til rekstrarstöðvunar ferðaskrifstofu eða ferðaskipuleggjanda kemur skulu viðskiptavinir leggja fram skrif-

lega kröfu innan 60 daga frá birtingu áskorunar um kröfu- lýsingu. Meðfylgjandi skulu vera nauðsynleg sönnunargögn um kröfuna, svo sem farseðlar og kvittanir. Ef samgöngu- ráðuneytið telur að frekari gögn séu nauðsynleg til sönnunar kröfunni er því heimilt að óska eftir þeim. Ef vafi leikur á um hvort gögn til stuðnings kröfu séu fullnægjandi skal sam- gönguráðuneytið skera úr.¹⁾

¹⁾ L. 73/1998, 1. gr.

■ **16. gr.** [Ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjandi skulu leggja fram tryggingu skv. 19. gr. sem nemur 70% af veltu tveggja sóluhæstu mánaðanna í röð, 40% af veltu fjögurra sóluhæstu mánaðanna í röð eða 20% af heildarveltu á ári vegna tryggingarskyldrar starfsemi og skal sú niðurstaða sem gefur hæstu tryggingu gilda. Trygging skal þó aldrei vera lægri en 1 millj. kr. vegna ferðaskrifstofu eða ferða- skipuleggjanda.

□ Samgönguráðherra skal setja reglur¹⁾ um bókhald og reikningsskil ferðaskrifstofa til að aðskilja tryggingarskylda starfsemi frá annarri starfsemi og til að nauðsynlegar upplýs- ingar við mat á tryggingarfjárhæð liggi fyrir.

□ Samgönguráðherra er heimilt að krefjast hærri tryggingar í þeim tilfellum þegar um sérstaklega áhættusaman rekstur er að ræða eða að öðru leyti er ljóst að trygging samkvæmt lögum þessum mun ekki nægja komi til gjaldþrots eða rekstr- arstöðvunar ferðaskrifstofu.²⁾

¹⁾ Rg. 530/1998. ²⁾ L. 73/1998, 1. gr.

■ **17. gr.** [Til að meta upphæð tryggingar hjá umsækjanda sem er að sækja um leyfi til reksturs ferðaskrifstofu í fyrsta sinn skal umsækjandi leggja fram ítarlega áætlun um rekstur, greiðslustreymi og efnahag fyrir yfirstandandi og næsta ár. Áætlunin skal vera brotin niður á mánuði og áætlud trygg- ingarskyld velta sérgreind. Áætluninni skal fylgja staðfesting endurskoðanda á að áætlunin sé rétt miðað við gefnar for- sendur. Samgönguráðuneytið leggur mat á forsendur áætlun- arinnar og er því heimilt að óska eftir samningum og öðrum gögnum er það telur nauðsynleg við mat á áætluninni.

□ Leyfishafar með tryggingu skv. 19. gr. skulu fyrir 31. mars ár hvert senda samgönguráðuneytinu endurskoðaðan ársreikning og önnur gögn sem áskilin eru í reglum, sbr. 2. mgr. 16. gr., auk áætlunar um fyrirhuguð umsvif á starfs- árinu. Ráðuneytið tekur ákvörðun á grundvelli þeirra upp- lýsinga um hvort tryggingarfjárhæð skuli breytt að fenginni umsögn löggilts endurskoðanda.

□ Ef endurskoðað ársuppgjör hefur ekki borist 30. apríl er ráðuneytinu heimilt að fella leyfi til reksturs ferðaskrifstofu úr gildi.

□ Ef leyfishafi hefur ekki sinnt ákvörðun ráðuneytis um hækkun tryggingarfjárhæðar innan mánaðar frá því að hon- um var tilkynnt ákvörðun um hækkun hennar fellur leyfi til reksturs ferðaskrifstofu úr gildi.

□ Telji samgönguráðuneytið að rekstur ferðaskrifstofu gangi erfiðlega er því heimilt að kveðja til löggiltan end- urskoðanda til að leggja mat á fjárhagsstöðu hennar. Til- kvöddum endurskoðanda er í þessu skyni heimill aðgangur að starfsstöð ferðaskrifstofunnar til að gera þær kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum hennar sem hann telur nauð- synlegar.

□ Telji samgönguráðuneytið nauðsynlegt að fella leyfi til reksturs ferðaskrifstofu úr gildi vegna brota á þessari grein skal ráðuneytið tilkynna viðkomandi ferðaskrifstofu um það skriflega. Skal ferðaskrifstofan hafa 14 daga frest til að bæta

úr þeim atriðum er ráðuneytið telur ábótavant.]¹⁾

¹⁾ L. 73/1998, 1. gr.

■ **[18. gr.** Trygging gildir jafnlengi og leyfi til ferðaskrif- stofureksturs. Ef trygging verður ófullnægjandi á leyfistím- anum skal afturkalla leyfi til ferðaskrifstofureksturs þar til bót hefur orðið á. Trygging skal vera tiltæk í allt að sex mánu- ði eftir niðurfellingu leyfis nema um uppsögn tryggingar sé að ræða. Ef fullnægjandi sönnur eru færðar á að allar kröfur vegna rekstrarstöðvunar ferðaskrifstofu hafi verið greiddar er samgönguráðuneytinu heimilt að fella þann hluta tryggingar sem eftir stendur úr gildi áður en lögbundnir sex mánuðir eru liðnir.

□ Samgönguráðuneytið ákvarðar hvort greiða skal af trygg- ingarfé skv. 13. gr. Eigi er heimilt að fella tryggingu úr gildi eða skerða tryggingarfé nema leyfi ráðuneytisins komi til. Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu fellur niður ef grípa þarf til tryggingarfjár vegna rekstrarstöðvunar eða gjaldþrots ferða- skrifstofunnar.]¹⁾

¹⁾ L. 73/1998, 1. gr.

■ **[19. gr.** Trygging, sbr. 13. gr., getur verið:

a. Fé í vörslu samgönguráðuneytis, sbr. 1. mgr. 16. gr.

b. Fé sem lagt er inn í viðurkennda banka- eða peninga- stofnun í nafni samgönguráðuneytis, sbr. 1. mgr. 16. gr.

c. Ábyrgð viðskiptabanka eða sparisjóðs eða váttrygging hjá váttryggingafélagi. Skulu þessir aðilar hafa starfsleyfi hér á landi. Þeir skulu og gefa yfirlýsingu um að gildissvið og fjárhæð tryggingarinnar séu í samræmi við lög þessi.]¹⁾

¹⁾ L. 73/1998, 1. gr.

■ **[20. gr.** Samgönguráðherra er heimilt að tilfærna tilsjón- armann til að sjá um uppgjör tryggingarfjár. Hann skal þá hafa með höndum umsýslu vegna heimflutnings farþega og endurgreiðslu af tryggingarfé ferðaskrifstofu. Kostnaður við störf tilsjónarmanns skal greiddur af tryggingarfé.]¹⁾

¹⁾ L. 73/1998, 1. gr.

■ **[21. gr.** Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu fellur niður:

a. ef leyfishafi verður gjaldþrota eða sviptur fjárræði,

b. ef trygging sú, sem sett er skv. 13. gr., fellur niður eða fullnægir ekki þeim reglum sem ráðuneytið setur,

c. ef leyfishafi hættir að hafa búsetu á Íslandi.

□ Ef félag er leyfishafi eða annar en leyfishafi veitir dag- legum rekstri ferðaskrifstofunnar forstöðu fellur leyfið niður ef einhverja þeirra skilyrða er misst sem uppfylla ber sam- kvæmt lögum þessum eða er forstöðumaður andast, enda sé ekki ráðinn nýr forstöðumaður sem uppfyllir skilyrði laga þessara innan þess frests sem ráðuneytið setur.]¹⁾

¹⁾ L. 73/1998, 1. gr.

■ **[22. gr.** Nú andast leyfishafi og er þá eftirlifandi maka hans, ef hann situr í óskiptu búi, heimilt að halda áfram rekstrinum í fimm ár, enda sé fullnægt almennum skilyrð- um um ábyrgð og ekki ástæða til afturköllunar leyfis skv. 21. gr.]¹⁾

¹⁾ L. 73/1998, 1. gr.

■ **[23. gr.** Fyrir útgáfu leyfa samkvæmt lögum þessum greiðist gjald til ríkissjóðs samkvæmt lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs.

□ Samgönguráðherra er heimilt að taka gjöld af ferðaskrif- stofum og ferðaskipuleggjendum sem renna til samgöngu- ráðuneytis til að standa straum af eftirliti samkvæmt lögum þessum. Fjárhæð gjaldanna skal koma fram í reglum sem ráð- herra setur skv. 2. mgr. 16. gr. Gjöldin skulu standa undir kostnaði af bókhaldsrannsóknnum og öðrum þeim þáttum sem

nauðsynlegir eru til að sannreyna fjárhæð tryggingar og með öðrum hætti hafa eftirlit með rekstri ferðaskrifstofa.¹⁾

¹⁾ L. 73/1998, 1. gr.

IV. kafli. . . .¹⁾

¹⁾ L. 156/2002, 2. gr.

V. kafli. Ýmis ákvæði.

■ [35. gr.]¹⁾ Ráðherra er heimilt að ákveða að þeir aðilar, sem skipuleggja hópferðir um Ísland, skuli, samkvæmt nánari reglum²⁾ sem settar yrðu þar að lútandi, kaupa tryggingu hjá viðurkenndu tryggingarfélagi vegna kostnaðar sem hljóttast kynni af leit eða björgun farþega sem ferðast á þeirra vegum.

□ Enn fremur er ráðherra heimilt að ákveða að sömu aðilar skuli hafa í nánar tilteknum ferðum leiðsögumenn sem hlotið hafa sérstaka þjálfun til þess starfa samkvæmt frekari ákvæðum í reglugerð.³⁾

¹⁾ L. 73/1998, 1. gr. ²⁾ Rg. 175/1983. ³⁾ Rg. 130/1981, sbr. 308/1990.

■ [36. gr.]¹⁾ Ráðherra er heimilt að ákveða, að fenginni umsögn Ferðamálaráðs, að greitt skuli sanngjarnt gjald fyrir þjónustu sem veitt er á stöðum í umsjá ríkisins, enda sé fé það, sem þannig safnast, að frádregnum innheimtukostnaði,

eingöngu notað til verndar, fegrunar og snyrtingar viðkomandi staðar og til að bæta aðstöðu til móttöku ferðamanna.

□ Ákvæði þessi taka þó ekki til þjóðgarða eða annarra svæða á vegum [[Umhverfisstofnunar]²⁾ nema samþykki hennar komi til].³⁾

¹⁾ L. 73/1998, 1. gr. ²⁾ L. 164/2002, 25. gr. ³⁾ L. 93/1996, 41. gr.

■ [37. gr.]¹⁾ Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt lögum.

□ Með brot gegn lögnum skal farið að hætti opinberra mála.

¹⁾ L. 73/1998, 1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

■ I. . . .

■ II. Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu, sem í gildi eru við gildistöku laga þessara, skulu halda gildi sínu í fimm ár, sbr. 11. gr., og endurnýjuð að þeim tíma liðnum.

■ [III. Frá og með 1. janúar 2003 yfirtekur ríkissjóður allar eignir og skuldir Ferðamálasjóðs. Byggðastofnun er falið að sjá um innheimtu á útlánnum sjóðsins. Innköllun til lánardrottna Ferðamálasjóðs skal eigi gefin út. Umboð stjórnar sjóðsins fellur niður frá sama tíma.]¹⁾

¹⁾ L. 156/2002, 3. gr.